

Fundargerð 23. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 15. október 2014
Fundartími:	19:00 – 22:45
Fundarmenn:	Árni Eiríksson, oddviti Svanhvít Hermannsdóttir Margrét Jónsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Elín Höskuldsdóttir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Undir lið 3: Rúnar Magnússon, umsjónarmaður fasteigna

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

1. **Viðaukar við fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2014**
Lagðir fram til kynningar, viðaukar 1 og 2 við fjárhagsáætlun ársins 2014.

Viðauki 1:

Rekstur:

1. Samningur við Capacent vegna ráðningar sveitarstjóra kr. 644 þús. kr.
Deild 21 Sameiginlegur kostnaður.
2. Starfslokasamningur. Gerður var starfslokasamningur við fyrrverandi sveitarstjóra.
Viðbótarkostnaður 4,2 millj.
Deild 21 Sameiginlegur kostnaður
3. Hækkun launa oddvita og sveitarstjórnar í 6 mánuði 1,8 millj. kr.
Deild 21 Sameiginlegur kostnaður
4. Lækkun laun sveitarstjóra 5 mánuðir 750 þús. kr.
Deild 21 Sameiginlegur kostnaður

Fjárfesting:

1. Bygging leikskóla. Áætlun ársins 2014 – 2015 gerði ráð fyrir 120 millj. kr. Sem skiptist jafnt á árin. Samningur var undirritaður við JÁ verk 27. maí 2014 að undangengnu útboði. Samningsupphæð er 131,7 millj. kr. viðbætur og breytingar eru nettó 2,2 millj. kr. Samtals hækkun fjárfestingar um 73,8 millj. kr.

Samtals hækkun útgjalda vegna viðauka 1 er um 5,8 millj.kr. og fjárfesting um 73,8 millj. kr. Viðauka 1 er mætt með lækkun á handbæru fé og hækkun skammtímaskulda um 9,2 millj. kr.

Viðauki 2:

Fjárfesting:

1. Leikskóli, viðbót vegna innréttinga 13,5 millj.kr. þannig fer samtals áætluð fjárfesting vegna leikskóla í 147,4 millj. kr.

Flóaskóli – viðauki við fjárhagsáætlun

2. Grunnskóli, Loftræstikerfi, áður áætlað í fjárfestingu grunnskóla var 20,0 millj. kr. Kostnaður vegna loftræstikerfis er um 27,6 millj. kr. Samtals hækkun fjárfestingar 7,6 millj.kr.

Samtals hækkun Viðauka 2. er 21,1 millj. kr. Útgjaldaauka er mætt með lækkun á handbæru fé, jafnframt er tekið tillit til þess að álagning útsvars er hærri en áætlað var í upphafi um 2,5 millj. kr. Einnig eru afskriftir og fjármagnsliðir endurreiknaðir í áætlun 2014 þar sem tekið er tillit til upphafstöðu efnahags skv. ársreikning 2013. Handbært fé í upphafi árs er þannig herra en áætlað var í upphaflegri áætlun. Meðfylgjandi eru yfirlit yfir breytingar á rekstri og sjóðstreymi í áætlun viðauka.

2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2015 – 2018

Álagningaprósentur

Lögð fram tillaga að útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2015.

Álagningarprósenta útsvars 14,48%

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 10.000 kr. og hámarksálagning verður 23.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Gjaldskrár – gjaldskrárbreytingar

Sorphirðu-og sorpevðingargjald

Lagt er til að gjaldskrá sorphirðu í Flóahreppi hækki um 6 %.

Gjald fyrir seyrulosun leggst bæði á íbúðarhús og sumarhús.

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi	
a) 240 lítra tunna	12.720 kr.
b) 660 lítra kar	34.980 kr.
c) 1100 lítra kar	58.257 kr.
Sorpeyðingargjald:	
Íbúðir	12.126 kr.
Sumarhús	12.126 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	26.457 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	14.331 kr.
Seyrulosun	8.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Gjalddagareglur fasteignagjalda:

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða prentaðir og sendir út eins og verið hefur en ekki verða sendir út innheimtuseðlar á pappír nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Innsend drög að áætlunum frá stjórnendum.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlunum frá nefndarformönnum og stjórnendum stofnana og umsjónarmanni fasteigna. Farið yfir gögnin og þau rædd. Sveitarstjóra falið að fara yfir áætlanirnar með stjórnendum og vinna þær áfram ásamt greinargerð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Næsti vinnufundur er áætlaður 29. október 2014.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:45

Árni Eiríksson, oddviti (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri (sign)